

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120700030/bs

### Tillaga að deiliskipulagi, athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps dags. 28. júní 2012 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

#### Skilmálar-Urðunarsvæði

Um gas og lykt í kafla 4.2.2 segir m.a. *"Ef vart verður við ólykt skal blanda meiri stoðefnum við úrganginn."* Umhverfisstofnun telur að geta eigi þess ef fylgt er sérstökum reglum við blöndum stoðefna í sláturúrgang.

Í kafla 4.2.3 segir m.a. *"Með því verði sigvatni veitt í viðeigandi hreinsivirki."*

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvers konar hreinsivirki um er að ræða.

Um meðferð á yfirborðsvatni segir að það verði leitt í setþrær og olúsíur. Umhverfisstofnun vill benda á hvort geti verið átt við olúskiljur?

Um nauðsyn botnþéttingar segir að á grundvelli rannsókna á þéttleika jarðlaga skal tekin ákvörðun um botnþéttingar. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir þeim viðmiðum sem sveitarfélagið setur hvað lekt varðar.


Í kafla 4.2.4 Sýnataka segir *"að sýnatökustaðir verði valdir af fulltrúum heilbrigðiseftirlits og sveitarfélags."* Umhverfisstofnun vill benda á að aðkomu Umhverfisstofnunar að þessum þætti í gegnum starfsleyfi, þar sem m.a. er skilgreind tíðni mælinga og styrk hvaða efna skuli mæla.


#### 4.2.8 Nýting:

Umhverfisstofnun telur neikvætt að nýta ekki sláturúrgang betur en gert er ráð fyrir í tillögu að deiliskipulagi. Áhrif niðurbrots slíks úrgangs eru lítt þekkt.

Að öðru leyti en að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson